# Korpa / Úlfarsá – Árnefndarskýrsla 2026

**Formaður árnefndar:** Ragnar Snorri Pétursson
**Árnefndarmaður:** Sigurður Þorsteinsson

## Opnun árarinnar og vorverk 2026

Árnefnd Korpu/Úlfarsár hóf störf að vori með því að þrífa og standsetja veiðihúsið og ganga frá aðstöðunni. Viðarvörn var borin á húsið og farið yfir klæðningu þess. Slóðar voru lagaðir bæði við veiðihúsið og Stífluna og veiðistaðir lagaðir þar sem þurfti.

Vorverkin gengu vel og aðstaða við ána var í góðu lagi fyrir komandi veiðitímabil.

## Vorveiðin 2026

Vorveiðin í Korpu fór fram í apríl og maí. Veitt var á eina stöng, eingöngu á flugu og öllum fiski sleppt.

## Laxveiðitímabilið 2026

Laxveiðitímabilið hófst 27. júní. Samkvæmt veiðitölum Angling veiddust **154 laxar** í Korpu á tímabilinu, samanborið við **132 laxa** árið 2025. Veiðin jókst því um 22 laxa milli ára, eða um 17%.

### Stærstu laxarnir

- 85 cm – Túnhylur, 25. september – Undertaker
- 77 cm – Stokkar, 2. ágúst – Svartur Frances
- 75 cm – þrír laxar veiddust af þeirri stærð, í Stíflu, Blika og Símastreng

### Bestu veiðistaðirnir

- Stífla
- Bliki
- Stokkar

### Bestu flugurnar

- Sunray Shadow
- Svartur Frances
- Rauður Frances

Frances-afbrigði voru jafnframt mjög áberandi í veiðinni, en þau eru skráð undir nokkrum mismunandi heitum í veiðibókinni.

Samkvæmt tölum sem nú birtast á vef teljarans í Stíflunni voru **999 laxar** skráðir á leið upp ána á tímabilinu 12. júní til 12. október 2026. Til samanburðar sýna tölurnar 773 laxa á leið upp árið 2025 og 859 árið 2024. Miðað við þessar óyfirförnu tölur virðist laxagangan árið 2026 því hafa verið sterkari en undanfarin tvö ár.

Teljarinn sýnir jafnframt **125 sjóbirtinga** á leið upp ána árið 2026, samanborið við 48 árið 2025 og 80 árið 2024.

Tölurnar úr teljaranum eru teknar beint af vef hans og **hafa ekki verið yfirfarnar endanlega.**

Nákvæm sundurliðun veiðinnar eftir dagsetningum, agni og veiðistöðum má finna í veiðibók Angling iQ.

## Lokun árarinnar og haustverk 2026

Að loknu laxveiðitímabilinu fór árnefndin í hefðbundin haustverk. Veiðihúsið var standsett fyrir veturinn, skilti við veiðistaði tekin upp og gengið frá aðstöðunni.

Árnefndin þakkar **SVFR** fyrir gott samstarf yfir árið.

## Tillögur árnefndar fyrir 2027

• Halda áfram reglulegu viðhaldi á veiðihúsinu og fara yfir klæðningu og viðarvörn eftir þörfum.
• Fara yfir slóða og aðkomu að helstu veiðistöðum að vori og lagfæra þar sem þörf er á.
• Yfirfara merkingar við veiðistaði og endurnýja skilti eftir þörfum.
• Fara árlega yfir veiðistaði að vori og lagfæra þá eftir þörfum, þar sem áin breytist gjarnan í flóðum yfir veturinn og vorið.

Reykjavík, október 2026

Ragnar Snorri Pétursson
*Formaður árnefndar Korpu/Úlfarsár*

Sigurður Þorsteinsson
*Árnefndarmaður*